

165. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 7. júní 2023 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Birna Björnsdóttir, Þuríður Lilly Sigurðardóttir og Magnús Jónsson. Stefán Bogi Sveinsson boðaði forföll en ekki fékkst varamaður í hans stað. Einnig mættu áheyrnarfulltrúarnir Fjóla Orradóttir f.h. foreldra, Dögun Óðinsdóttir f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 164. fundar undirrituð og staðfest.
2. Starfsmannamál næsta skólaárs.
3. Horfur í aðsókn nemenda haust 2023.
4. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 164. fundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 164. fundar var undirrituð og staðfest.

2. Starfsmannamál næsta skólaárs

Skólameistari sagði frá starfsmannamálum. Heiðdís Halla Bjarnadóttir var ráðin í fullt starf í stað Bylgju Lindar Pétursdóttur. Elín Adda Steinarsdóttir var ráðin í 50% starf í eðlisfræðikennslu. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir hefur verið ráðin í afleysingar og mun m.a. kenna. Hildur Bergsdóttir er enn í veikindaleyfi. Auglýst verður eftir félagsráðgjafa í næstu viku. Elín Ása Heiðarsdóttir var ráðin í stærðfræðikennarastöðu. Telma Björk Snorradóttir og Kristín Kjartansdóttir hafa verið ráðnar í stöður stuðningsfulltrúa og Ólöf Björg Óladóttir í stöðu þroskaþjálfara. Heildarstarfsmannalisti verður settur inn á Teams svæði nefndarinnar. Ársreikningur 2022 liggur ekki enn fyrir. Draga þarf saman í fjarnáminu til að fara ekki fram úr fjárlögum. Umræða var um framtíðarsýn varðandi nám og þarfir samfélagsins.

3. Horfur í aðsókn nemenda haust 2023

Um 160 nemendur á 2. ári eða lengra komnir verða í dagskólanámi á haustönn. Vonir standa til að 60 nýnemar komi í haust. Umsóknarfrestur nýnema er út 8. júní. Nemendur starfsbrautar verða 28 á næsta skólaári. Vegna þeirrar fjölgunar er verið að færa brautina í stærri stofu og gera hana tilbúna fyrir haustönn.


4. Önnur mál

- a) Starfsmannaferð til Boston gekk vel. Farið var sunnudaginn 21. maí og komið heim laugardaginn 27. maí. MIT var heimsóttur ásamt Dartmouth College. Þar er bókasafn Vilhjálms Stefánssonar um heimskautasvæðin.
- b) Samþykkt að taka upp rafræna undirritun fundargerða á næsta skólaári.
- c) Ánægja er með auglýsingaherferðina þar sem fyrrum nemendur lýsa veru sinni í skólanum og minningum þaðan.
- d) Skólameistari sagði stuttlega frá fundargerðum nefnda skólans og könnunum. Skólapúlsinn kom vel út að flestu leyti. Umhverfisnefnd hefur leitt grænánaverkefnið. Skólinn var að kolefnisjafna reksturinn í fyrsta skipti. Setja þarf frétt um það inn á heimasíðu skólans. Skýrslur deildarstjóra verða settar inn á Teams svæðið.
- e) Þessa dagana er verið að skipuleggja starfsdaga haustsins.

- f) Leigusamningur um h telreksturinn hefur veri  settur inn   Teams sv  i . N  er   hefjast anna   r af þriggja  ra samningi og m  reikna me    ganga þurfi fr  n jum samningi fyrri hluta n sta  rs og  v st hvernig ver ur me  Edduh tel   framt i inni þar sem v rumerki  var selt me  Icelandair h telum.
- g) N sti fundur ver ur haldinn mi vikudaginn 20. september.

Fleira ekki gert, fundi sliti  kl. 18.00


Sk li Bj rn Gunnarsson



Sigr n Birna Bj rnsd ttir



Magn s J nsson



Þur ur Lill  Sigur ard ttir

